

Nr. 1096

27. nóvember 2009

AUGLÝSING um breytingu á gjaldskrá nr. 661/2009 fyrir þjónustu Flugmálastjórnar Íslands.

1. gr.

Grein 3.7. orðist svo: Fyrir útgáfu hljóðstigsvottorðs skal greiða samkvæmt tímagjaldi, sbr. gr. 2.1.

2. gr.

Grein 10.2. orðist svo, ásamt fyrirsögn:

10.2. Ferðakostnaður.

Purfi eftirlits- og vottunarstarfsmenn Flugmálastjórnar að ferðast innanlands (utan höfuðborgarsvæðisins) eða erlendis, til að fylgjast með því að skilyrði heimildar séu fyrir hendi eða vegna útgáfu nýrra heimilda, greiðir handhafi heimildar fargjöld eftirlitsmanns og dagpeninga samkvæmt kjara-samningum starfsmanna ríkisins, enda séu ferðakostnaður og uppihald ekki innifalin í öðrum þjónustugjöldum. Vegna aksturs er heimilt að innheimta skv. akstursgjaldi ríkisstarfsmanna.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 100/2006 um Flugmálastjórn Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 171/2006, og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að málí.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 27. nóvember 2009.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2010